



ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2019

ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2019

Efnisyfirlit

Staðfesting ársreiknings	4
Rekstarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9



LANDSPÍTALI

JÚNÍ 2020

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2019

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Landspítali er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrjú hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.362 að meðaltali á tímabilinu janúar til desember 2019.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þó er ennþá til staðar nokkur óvissa varðandi þær reikningsskilaaðferðir sem nota ber í kjölfar breytinga á reikningsskilareglum við gildistöku ákvæða í lögum um opinber fjármál. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum þó er ýmiss kostnaður gjaldfærður vegna þeirra auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fjallað er nánar um þetta í skýringu 2 í ársreikningnum.

Í marsmánuði á árinu 2020 var Landspítali settur á neyðarstig vegna Covid-19 faraldursins og hefur faraldurinn haft talsverð áhrif á fjárhag og afkomu spítalans á árinu 2020. Draga þurfti verulega úr hefðbundinni starfsemi og var til dæmis valaðgerðum hætt á meðan spítalinn var á neyðarstigi og komur á dag- og göngudeildir takmarkaðar. Á móti jókst álag á spítalann vegna COVID-19 faraldursins. Neyðarstigi var aflétt í maí 2020. Fjárhagsleg áhrif Covid-19 faraldursins hafa ekki verið metin en líklegt er að faraldurinn muni áfram hafa áhrif á rekstur Landspítala út árið 2020.

Í samræmi við 1.gr. laga nr. 40/2019 var uppfærsla á orlofs- og frítímaréttarskuldbindingu, sem varð til í upphafi árs 2017, færð yfir á viðskiptareikning ríkissjóðs. Heildarfjárhæð orlofsskuldbindingar nam 5.146 m.kr, sjá nánar skýringu 34.

Á árinu 2019 var ársveltan um 79.213 m. kr. Tekjuhalli var á árinu 2019 þar sem rekstrargjöld og afskriftir voru 2.381 m. kr. umfram tekjur. Hluti af fjárveitingum ársins er 1.426 m.kr sem fjármagna átti tekjuhalla ársins 2018.

Eigið fé spítalans er neikvætt samtals að fjárhæð 4.312 m. kr. í árslok 2019. Eignir spítalans nema 18.347 m. kr., en skuldir eru samtals 22.659 m. kr.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2019 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu hans 31. desember 2019 í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 kemur fram að ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila. Í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 kemur einnig fram að starfssvið ríkisendurskoðanda tekur til endurskoðunar ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila í A-hluta ríkisreiknings. Þrátt fyrir ákvæði framangreindra laga hefur ríkisendurskoðandi ákveðið að gefa ekki út álit á ársreikning Landspítala eða annarra ríkisstofnana í A-hluta, þó endurskoðun sé framkvæmd. Ríkisendurskoðandi gefur út álit á ríkisreikningi 2019 í heild sinni.

Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. maí 2020



Páll Matthíasson
forstjóri



Ólafur Darri Andrason
framkvæmdastjóri

Rekstarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Tekjur			
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	27, 34	65.306.667	61.226.866
Fjárfestingaframlag, tekjufært	35	393.190	658.585
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna	35	656.599	661.734
Tekjufært ríkisframlag samtals		<u>66.356.456</u>	<u>62.547.185</u>
Þjónustutekjur	15	5.560.280	5.341.517
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga		83.212	39.095
Aðrar tekjur	17	3.097.244	2.723.093
S-merkt lyf og blöndunargjöld	18	4.116.072	3.567.483
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	18	(3.796.100)	(3.328.581)
Rekstrartekjur samtals		<u>9.060.708</u>	<u>8.342.607</u>
Tekjur samtals		<u>75.417.164</u>	<u>70.889.792</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	19	57.605.478	53.862.735
Vörunotkun	20	11.079.937	10.026.527
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	21	6.206.840	5.848.772
Annar rekstrarkostnaður	22	1.772.922	1.234.366
		<u>76.665.179</u>	<u>70.972.400</u>
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	23, 24	1.161.155	1.379.738
Gjöld samtals		<u>77.826.334</u>	<u>72.352.138</u>
Tekjuhalli án fjármagnsliða		(2.409.170)	(1.462.346)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	26	28.333	36.125
Tekjuhalli		<u>(2.380.836)</u>	<u>(1.426.221)</u>

Efnahagsreikningur árið 2019

Eignir	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	23	112.791	86.736
Varanlegir fastafjármunir	23	7.109.668	6.597.674
Sjálfstæðar rekstrareiningar	24	239.567	128.740
Eignaverk vegna fasteigna	25	3.115.639	2.057.652
Hlutfjáreign	28	2.500	2.500
Fastafjármunir		<u>10.580.165</u>	<u>8.873.302</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	29	1.046.669	934.635
Viðskiptakröfur	30-31	1.457.698	1.922.013
Skammtímakröfur	30-31	167.072	121.199
Ríkissjóður	34	4.372.442	5.971.646
Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu	32	707.903	753.705
Handbært fé		15.017	11.174
Veltufjármunir		<u>7.766.801</u>	<u>9.714.371</u>
Eignir samtals		<u>18.346.968</u>	<u>18.587.673</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(1.937.100)	(724.648)
Annað eigið fé		5.686	213.769
Tekjuhalli		<u>(2.380.836)</u>	<u>(1.426.221)</u>
Neikvætt eigið fé samtals	11	<u>(4.312.250)</u>	<u>(1.937.100)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldbindandi samningar á móti eignfærslu	33	18.018	40.201
Frestuð framlög vegna fjárfestinga	35	9.471.390	8.424.979
Fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	16	1.007.620	933.057
Innlausn frestaðra tekna á árinu 2020		<u>(1.223.933)</u>	<u>(1.051.064)</u>
		<u>9.273.096</u>	<u>8.347.174</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.674.957	3.747.974
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	36	6.255.200	6.078.945
Ógr. laun og launatengd gjöld		2.209.468	1.262.159
Næsta árs afborgun samninga	33	22.564	37.458
Innlausn frestaðra tekna á árinu 2020		<u>1.223.933</u>	<u>1.051.064</u>
Skammtímaskuldir		<u>13.386.121</u>	<u>12.177.599</u>
Skuldir samtals		<u>22.659.217</u>	<u>20.524.773</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>18.346.968</u>	<u>18.587.673</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	39		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	40		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Handbært fé frá rekstri			
Tekjuhalli.....		(2.380.836)	(1.426.221)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:			
Tekjufært fjárfestingaframlag og gjafir og styrkir.....	16	(476.402)	(697.680)
Framlag vegna eldri fjárfestinga.....		(656.599)	(661.734)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	23	1.161.155	1.379.738
Gengisbreyting langtímaskulda		(16)	2.999
Veltufé til reksturs		<u>(2.352.698)</u>	<u>(1.402.898)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun).....	29	(112.035)	(113.533)
Lækkun (hækkun) á rekstrartengdum kröfum.....	30, 34	2.063.448	389.555
Hækkun (lækkun) á rekstrartengdum skuldum.....		1.050.547	718.206
Breyting rekstrartengda eigna og skulda		<u>3.001.960</u>	<u>994.228</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>649.262</u>	<u>(408.670)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting.....	23	(1.810.031)	(2.246.737)
Endurbætur og nýframkvæmdir.....	25	<u>(1.057.987)</u>	<u>(1.318.898)</u>
		<u>(2.868.018)</u>	<u>(3.565.635)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun samninga	33	(31.375)	(39.023)
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		157.774	551.884
Fjárfestingaframlag ársins		1.187.800	2.038.700
Innkomnar gjafir og styrkir v. endurb. og nýframkv		0	194.055
Fjárfestingaframlag v. endurbóta og nýframkv.		908.400	1.222.600
		<u>2.222.600</u>	<u>3.968.216</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		3.844	(6.089)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>11.174</u>	<u>17.263</u>
Handbært fé í lok árs		<u>15.017</u>	<u>11.174</u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila og reikningsskilaaðferðir

1. Lög og reglur:

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun. Ársreikningur spítalans fyrir 2019 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, auk framkominna stjórnvaldsfyrirmæla.

2. Reikningsskilaaðferðir og breytingar á þeim:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila, IPSAS. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum krónum nema þar sem annað er tilgreint. Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu.

Mat og ákvarðanir

Stjórnendur þurfa að meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili spítalanum framtíðar ávinningi og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Vegna nýrra laga um opinber fjármál urðu breytingar á meðferð eignakaupa í bókhaldi Landspítala. Eignakaup sem áður voru gjaldfærð voru á árinu 2017 eignfærð. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016 voru endurmetnir og færðir til eigna á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá kaupári. Endurmat þeirra er fært sem frestað framlag meðal skulda. Framlagið verður innleyst í rekstrarreikningi á móti gjaldfærðum afskriftum þessara eigna á eftirstöðvum líftíma þeirra.

Eignaverk vegna fasteigna

Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi 2019. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og sá kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna undir liðinn “Eignaverk vegna fasteigna”. Á móti meðal langtímaskulda er bókað á liðinn „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala og eru því not spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu.

Skýringar frh

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið 2016 eða fyrr, voru ekki endurmetnar og færðar til eignar eins og á við um aðrar fjárfestingar. Óefnislegar eignir, svo sem hugbúnaður, sem fjárfest var í á árunum 2017 og síðar eru færður til eignar meðal fastafjármuna.

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum sé hún til staðar. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verða til innan Landspítala er gjaldfærður í rekstrarreikning á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

Fjárfestingaframlag

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í rekstrarreikningi á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Gjafir og styrkir

Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

Orlofsskuldbinding

Skuldbinding spítalans vegna orlofs- og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok árs 2019 er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál var orlofsskuldbindingin færð til skuldar í ársbyrjun 2017 og samkvæmt fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var hún færð meðal veltufjármuna. Í ársreikning 2019 er upphafsstaðan frá 2017 færð á móti stöðu við ríkissjóð sjá nánar skýringu númer 34.

Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt. Reiknuð skuldbinding vegna námsleyfa er tilgreind í skýringu utan efnahagsreiknings.

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar stofnunin hefur skuldbindingu, lagalega eða ætlaða, vegna atburða í fortíð, líklegt er talið að þörf verði á útstreymi fjármuna stofnunarinnar til þess að hægt sé að gera upp skuldbindinguna og hægt er að meta fjárhæð hennar á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindandi samningar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum, sem áður voru utan efnahagsreiknings, eru færðir sem skuld í efnahagsreikning.

Húsaleigusamningar

Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í efnahagsreikning og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum. Sjá um skuldbindingar utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 40.

Skýringar frh

3. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

4. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt og meginstarfsemi spítalans fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Einstakir þættir í rekstri spítalans falla þó undir lögbundin virðisaukaskattsskil eða varða endurgreiðslu virðisaukaskatts.

5. Skráning tekna:

Rekstrartekjur spítalans eru bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáraukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins. Sjá ákvæði um fjárfestingaframlag í skýringu 2 hér að framan.

6. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok reikningstímabils eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

7. Hlutfjáreign:

Hlutfjáreign Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. er færð í efnahagsreikninginn á nafnverði.

Hlutir í 10 sprotafyrirtækjum eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi, enda er ekkert kostnaðarverð fyrir hendi. Eignarhlutar eru í öllum tilvikum nema einu undir 10% og áhrif á stjórnun félaganna afar takmörkuð. Eignarhluti í einu hlutfélagi, Auðna-tæknitorg ehf. er 17,3%. Hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutanna í reikningsskilin kemur ekki til álita. Sjá nánar í skýringu nr. 28.

8. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

9. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi viðskiptakröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

10. Handbært fé:

Til handbærs fjár teljast reiðufé í sjóðum og bankainnstæður sem hægt er að innleysa fyrirvaralítið.

Skýringar frh

11. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 4.312,3 m. kr. Á árinu kláraðist samningur sem tekinn var inn í stofnefnahagsreikning vegna LOF. Röng fjárhæð á uppreiknuðum samningi er leiðrétt hér. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2019 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2019	(1.937.100)
Leiðrétting á samningi úr stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017		5.686
Tekjuhalli án ríkisframlags	(68.737.293)
Ríkisframlag ársins		66.356.456
	Tekjuhalli ársins	(2.380.836) (2.380.836)
Neikvætt eigið fé 31. desember 2019		(4.312.250)

12. Langtímaskuldir:

Skuldbindandi langtímasamningar sem bera vexti eru færðir á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Jafnframt er fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda, sbr. skýringar 2. Þessar fyrirfram innheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

13. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

14. Starfsþáttgreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2019 skiptist hann í þrjú svið og skrifstofu Landspítala. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í meginráttum skipta í tiltekna starfsþætti á árinu 2019. Hlutdeild þessarar starfsþátta í afkomu spítalans er sem hér segir:

	2019	2018
Skrifstofa Landspítala.....	958	47.541
Þjónustusvið án sjálfstæðra rekstrareininga.....	(614.895)	(299.110)
Klínísk svið án sjálfstæðra rekstrareininga.....	(2.527.073)	(1.393.257)
Sjálfstæðar rekstrareikningar.....	(29.929)	(37.400)
Utan sviða, óreglulegir liðir.....	790.102	256.006
Samtals	(2.380.836)	(1.426.221)

Skýringar frh

15. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur vegna reksturs Vífilsstaða voru áður undir öðrum tekjum en eru nú undir sérfræðiþjónustu önnur þar sem sú þjónusta sem Vífilsstaðir veita flokkast undir heilbrigðisþjónustu.

Rannsóknir.....	1.702.891	1.699.063
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	926.078	891.547
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	992.063	917.116
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	1.620.158	1.579.333
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	319.089	254.458
Samtals	5.560.280	5.341.517

16. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga:

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Sjá skýringu nr. 2 um tekjufærslu gjafa og styrkja í rekstrarreikningi og bókun sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningi. Á árinu 2019 voru innkomnar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 127,0 m.kr.

17. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu.

	2019	2018
Selt fæði.....	271.172	249.484
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	276.155	132.176
Seld þjónusta.....	97.728	99.539
Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar.....	45.096	58.039
Vörusala.....	2.184.472	1.952.814
Leigutekjur.....	91.672	103.674
Aðrar tekjur.....	130.949	127.368
Samtals	3.097.244	2.723.093

18. S-merkt lyf:

S merkt lyf eru sér fjárlagaliður í umsjá Landspítala. Taflan hér að neðan sýnir S merkt lyf sem notuð eru á Landspítala. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu á fjárlagalið S merktra lyfja.

S-merkt lyf, sala án vsk og álagningar.....	3.796.100	3.328.582
S-merkt lyf, blöndunar-, umsýslu- og afgreiðslugjald.....	319.972	238.901
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður.....	(3.796.100)	(3.328.581)
Samtals	319.971	238.901

Skýringar frh

19. Laun og launatengd gjöld:

Föst laun.....	30.970.540	29.514.480
Önnur laun.....	16.254.796	14.414.782
Launatengd gjöld.....	10.380.143	9.933.472
Samtals	57.605.478	53.862.735

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.362 að meðaltali á árinu 2019, en þau voru til samanburðar 4.221 á árinu 2018. Á árinu 2019 voru 5.682 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 5.489 á árinu 2018. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

20. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Í skýringu nr. 29 má sjá vörubirgðir 31. desember 2019 og 2018.

	2019	2018
Lækninga- og hjúkrunarvörur	4.496.332	3.954.416
Lyf	1.502.007	1.486.781
Lyf samkvæmt lyfseðli.....	2.049.769	1.823.681
Rannsóknvörur.....	997.354	866.712
	9.045.462	8.131.591
Matvæli.....	927.135	834.164
Orkugjafar.....	415.020	414.865
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	213.111	206.509
Byggingavörur.....	189.961	189.205
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	289.248	250.193
	2.034.475	1.894.936
Samtals	11.079.937	10.026.526

21. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Sérfræðiþjónusta.....	2.129.184	1.799.301
Verkaup.....	2.134.083	2.272.393
Leigu- og afnotagjöld.....	525.878	431.349
Ferðir, fundir, risna o.fl.	397.339	419.278
Aðkeyptur akstur.....	683.317	607.253
Flutningaþjónusta.....	154.714	145.753
Annað.....	182.327	173.446
Samtals	6.206.840	5.848.772

Skýringar frh

22. Annar rekstrarkostnaður:

Fasteignagiöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala.

Opinber gjöld og tryggingar.....	583.268	485.000
Framlag til rannsóknna og gæðaverkefna.....	110.033	126.558
Mínniháttar tæki, áhöld, varahlutir.....	996.687	521.932
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	82.935	100.876
Samtals	1.772.922	1.234.366

23. Yfirlit um fjárfestingar, afskriftir þeirra og bókfært verð, án sjálfstæðra rekstrareininga:

	Lækningatæki	Bifreiðar og faratæki	Annað lausafé	Óefnislegar eignir	Samtals
Stofnverð 1/1	8.308.133	84.025	1.204.487	170.147	9.766.792
Afskrifað alls 1/1	(2.506.175)	(21.352)	(471.531)	(83.411)	(3.082.468)
Viðbót á árinu	1.358.613	17.994	231.245	64.318	1.671.114
Afskrifað á árinu	(910.618)	(11.628)	(172.539)	(38.263)	(1.132.978)
Selt og niðurlagt	0	0	0	0	0
Bókfært verð 31/12	<u>6.249.953</u>	<u>69.039</u>	<u>791.544</u>	<u>112.909</u>	<u>7.222.459</u>
Stofnverð alls 31/12	9.666.746	102.019	1.435.732	234.465	11.437.906
Afskrifað alls 31/12	(3.416.793)	(32.980)	(644.070)	(121.674)	(4.215.447)
Bókfært verð 31/12	<u>6.249.953</u>	<u>69.039</u>	<u>791.662</u>	<u>112.791</u>	<u>7.222.459</u>
Afskriftarhlutföll	10-12,5%	10-12,5%	0-20%	10-20%	

24. Sjálfstæðar rekstrareiningar. Yfirlit um fjárfestingar, afskriftir þeirra og bókfært verð:

Nokkrar rekstrareiningar spítalans fá ekki fé til fjárfestinga af fjárfestingarframlagi skv. fjárlögum m.a. vegna samkeppnisaðstæðna. Fjármögnun fjárfestingar hér skal koma frá sjóðsstreymi rekstrar. Haldið er sérstaklega utan um tækjakaup þessara eigna. Neðangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

	Dvottahús	Dauðhreinsum	Apótek	Sjúkrahótel	Samtals
Stofnverð 1/1	145.403	15.161	42.678	0	203.242
Afskrifað alls 1/1	(53.415)	(9.981)	(11.106)	0	(74.501)
Viðbót á árinu	113.505	22.901	1.617	957	138.980
Afskrifað á árinu	(21.340)	(2.375)	(4.376)	(64)	(28.154)
Selt og niðurlagt	0	0	0	0	0
Bókfært verð 31/12	<u>184.153</u>	<u>25.706</u>	<u>28.814</u>	<u>894</u>	<u>239.567</u>
Stofnverð alls 31/12	258.908	38.062	44.295	957	342.222
Afskrifað alls 31/12	(74.754)	(12.356)	(15.482)	(64)	(102.655)
Bókfært verð 31/12	<u>184.153</u>	<u>25.706</u>	<u>28.814</u>	<u>894</u>	<u>239.567</u>

Skýringar frh

25. Eignaverk vegna fasteigna

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa og á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna.

Ár sem verk kláruðust:

	2017	2018	2019	Samtals
Hringbraut	228.545	592.383	481.699	1.302.627
BUGL	0	546.478	228.143	774.620
Landakot	89.067	180.037	290.139	559.243
Fossvogur	379.513	0	0	379.513
Tunguháls	41.629	0	31.024	72.653
Kópavogur	0	0	26.983	26.983
	<u>738.755</u>	<u>1.318.898</u>	<u>1.057.987</u>	<u>3.115.639</u>

26. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans eru einkum af viðskiptakröfum. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok tímabilsins vegna þekkrar eða metinnar tapsáhættu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

	2019	2018
Vaxtatekjur.....	23.556	13.900
Vaxtagjöld.....	(15.480)	(19.031)
Gengismunur.....	20.258	41.256
Samtals	<u>28.333</u>	<u>36.125</u>

27. Fjárheimildir og rekstur:

Í fjárheimildum ársins 2019, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 67.402,9 m. kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir tímabilsins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið sbr. meðfylgjandi yfirlit.

	Fjárheimildir ársins 2019	Áætlun jan til des	Árs- reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(54.442.039)	(54.134.377)	(57.605.478)	(3.471.102)
Önnur rekstrargjöld.....	(16.792.128)	(17.959.498)	(19.059.700)	(1.100.202)
Rekstrartekjur.....	5.927.500	8.238.877	8.977.496	738.619
				<u>(3.832.685)</u>
Rekstrarniðurstaða				
Afskriftir.....		(1.158.450)	(1.161.155)	(2.705)
Fjárfestingaframlag.....	(2.096.200)	393.190	393.190	0
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna		656.599	656.599	0
Framlag v. eldri halla		(1.426.221)		1.426.221
Styrkir og gjafir til fjárfestinga.....		83.212	83.212	0
Vextir og gengismunur.....		0	28.333	28.333
Mismunur gjalda og tekna	<u>(67.402.867)</u>	<u>(65.306.667)</u>	<u>(67.687.504)</u>	<u>(2.380.836)</u>

Skýringar frh

28. Hlutfjáreign:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6%. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 9 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 325,6 þús. kr. í árslok 2019 og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3%. Talsverð óvissa er um raunverulegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun á árinu 2019 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi.

29. Vörubirgðir:

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eftir niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Matið og niðurfærslan er mismunandi eftir lagerum.

	Varúðar niðurfærsla birgða 31.12.2019	Birgðaverð- mæti eftir niðurfærslu 31.12.2019	Birgðaverð mæti eftir niðurfærslu 31.12.2018
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	19.739	325.070	285.398
Lyf.....	16.649	350.835	298.905
Rannsókn- og röntgenvörur.....	24.140	283.118	268.481
Rekstrarvörur.....	4.340	65.930	60.772
Matvæli.....	1.763	21.746	21.079
Samtals	66.631	1.046.699	934.635

30. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Lækkun á kröfu á Sjúkratryggingar Íslands liggur að stærstum hluta í breytingum á fyrirkomulagi S lyfja vegna yfirtöku Landspítala á fjárlagaliðnum, sjá skýringu 18. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans.

	2019	2018
Viðskiptakröfur:		
Heilbrigðisstofnanir.....	229.660	231.934
Sjúkratryggingar Íslands.....	256.641	820.549
Einstaklingar.....	510.011	506.840
Erlendar kröfur.....	376.153	324.268
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	268.339	213.150
Viðskiptakröfur samtals	1.640.804	2.096.741
Aðrar skammtímakröfur:		
Aðrar kröfur.....	167.072	121.199
Kröfur samtals	1.807.876	2.217.940
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(183.105)	(174.728)
	1.624.771	2.043.212

Skýringar frh

31. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

Niðurfærslureikningur 1. janúar 2019	174.728
Bein afskrift tapaðra krafna 2019	(99.619)
Framlag í niðurfærslureikning 2019	107.996
Niðurfærslureikningur 31. desember 2019	<u>183.105</u>

32. Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu:

Fyrirframgreiddir kostnaðarliðir og verk í vinnslu í lok desember sundurgreinast sem hér segir:

	31.12.2019	31.12.2018
Fyrirframgreiddur kostnaður	236.212	383.439
Verk í vinnslu	471.691	370.267
Samtals	<u>707.903</u>	<u>753.705</u>

33. Skuldbindandi samningar í efnahagsreikningi:

Skuldbindandi samningar undir langtímaskuldum í lok desember eru fjármögnunarleigusamningar við eignaleigufyrirtæki og aðrir skuldbindandi samningar við öflun eigna. Vísað er til upplýsinga um aðra skuldbindandi samninga frá fyrri árum utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 40. Hreyfingar og staða samninga undir langtímaskuldum er sem hér segir:

Fjármögnunarleigusamningar	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Greiðslur á næsta reikningsári	24.310	24.097	22.564	22.215
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	19.968	44.279	18.018	39.927
	<u>44.279</u>	<u>68.376</u>	<u>40.582</u>	<u>62.142</u>
Framtíðar vaxtagjöld	(3.697)	(6.234)		
Núvirtar eftirstöðvar	<u>40.582</u>	<u>62.142</u>		

34. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikninginn. Í lok ársins nam krafa spítalans til ríkissjóðs 4.372,4 m. kr. Sú breyting varð í ár að nú er krafa spítalans vegna orlofs- og frítímaréttarskuldbindingar 1. janúar 2017 meðtalin. Samanburðarfjárhæðum vegna endurflokkunar hefur verið breytt og staða frá árinu 2019 var hækkuð um 5.146,5 m. kr. Krafa á ríkissjóð var áður 825 m. kr en verður 5.917,6 m. kr. Þann 16.maí 2019 samþykkti Alþingi ríkisreikning 2017, sem veitir heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindinganna á eigið fé. Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Skýringar frh

Staða 1. janúar 2019	825.048
Orlofsskuldbinding 1. janúar 2017 flutt á ríkissjóð	5.146.598
Framlag til rekstrar	65.306.667
Fjárfestingaframlag	1.187.800
Framlag vegna eignaverka	908.400
Móttæknar greiðslur	(69.002.072)
Staða 31 desember 2019	<u>4.372.442</u>

35. Frestuð framlög vegna fjárfestinga

	Frestað framlag v.			
	eldri varanlegra reksrarfjármuna	Fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag	Fjárfestingaframlag v. eignaverka	Samtals
Flutt frá fyrra ári.....	3.644.658	2.848.324	1.931.997	8.424.980
Framlag ársins.....	0	1.187.800	908.400	2.096.200
Afskriftir.....	656.599	393.190	0	1.049.789
Staða í lok árs.....	<u>2.988.059</u>	<u>3.642.934</u>	<u>2.840.397</u>	<u>9.471.390</u>

36. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	31.12.2019	31.12.2018
Sumarorlof.....	4.374.981	4.199.810
Hvildartímafrí.....	758.247	715.178
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	<u>1.121.972</u>	<u>1.163.956</u>
	<u>6.255.200</u>	<u>6.078.945</u>

Skýringar frh

37. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2015-2019. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

<i>Fjárhæðir í millj.kr.</i>	2019	2018	2017	2016	2015
Rekstur					
Tekjur.....	9.061	8.343	8.498	8.272	6.632
Gjöld.....	(76.637)	(70.936)	(64.537)	(58.477)	(52.233)
Afskriftir/ Stofnkostnaður og endurbætur.....	(1.161)	(1.380)	(785)	(2.506)	(2.414)
Gjöld umfram tekjur	(68.737)	(63.973)	(56.824)	(52.712)	(48.015)
Ríkisframlag samtals.....	66.356	62.547	56.886	52.626	48.071
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins	(2.381)	(1.426)	62	(85)	56
Efnahagur					
Fastafjármunir.....	10.580	8.874	5.949	3	3
Veltufjármunir.....	7.767	9.714	10.489	3.708	2.400
Eignir samtals	18.347	18.588	16.437	3.710	2.403
Höfuðstóll.....	(4.312)	(1.937)	(725)	112	(2.722)
Langtímaskuldir.....	9.273	8.347	5.174	30	34
Skammtímaskuldir.....	13.386	12.178	11.988	3.568	5.091
Eigið fé og skuldir samtals	18.347	18.588	16.437	3.710	2.403

38. Sérsjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 9 lögaðilar og 54 sjóður. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 54 og innstæða í árslok 2019 nemur samtals 616,8 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2019 er 208. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 43,5 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2019 um 759,9 m. kr.

Skýringar frh

39. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok árs 2019.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	18.003.786	24.815.958
Fossvogur.....	6.700.194	10.435.190
Landakot.....	1.867.790	2.772.250
Kópavogur.....	2.281.800	2.206.500
Kleppur.....	1.841.330	1.983.154
Vífilsstaðir.....	1.279.850	1.616.641
Grensás.....	1.005.200	1.488.050
Tunguháls.....	740.950	699.950
Sumarhús starfsmanna.....	327.548	402.200
Aðrar eignir.....	3.170.100	3.328.580
Samtals	37.218.548	49.748.473

40. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Námsleyfi lækna

Í lok desember 2019 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbokaðra námsleyfa lækna samtals 661,5 m. kr.

Samningar

Landspítalinn hefur gert þjónustusamninga vegna reksturs tölvukerfa og lækningatækja. Þessir þjónustusamningar eru ekki færðir í efnahagsreikning. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarskuldbindingu og framtíðargreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu.

	Skuldbinding	Til greiðslu		
	31.12.2019	2020	2021	2022
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	1.591.770	613.493	613.493	588.818
Samtals	1.591.770	613.493	613.493	588.818

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert húsaleigusamninga með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa nema 4.352 m. kr. í lok árs 2019.

	Skuldbinding	Innan árs	1-5 ár	Yfir 5 ár
	Húsaleiga.....	4.352.169,6	401.002	1.734.770
Samtals	4.352.169,6	401.002	1.734.770	3.308.875

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

